

26 | MINNINGAR

Hjörtur Howser

† Hjörtur Howser fæddist 30. júní 1961 á Sólvangi í Hafnarfirði. Hann varð bráðkvaddur við Gullfoss 24. apríl 2023.

Foreldrar hans voru Lilja Hjartardóttir Howser, f. 30. desember 1930, d. 13. mars 2020, talsimakona og síðar skrifstofumaður í Hafnarfirði, og George Earl Howser, f. 25. júní 1924, d. 25. júlí 1979, starfsmaður hjá birgðadeild bandaríska hersins á Keflavíkurflugvelli. Systur Hjartar eru Renee, samfeðra, f. 1. október 1950, hennar maður er Ronald James Polhemus; Laura Ann, f. 1.1. 1959, hennar maður er Gunnar Leifsson, og Delia



Kristín, f. 18. ágúst 1965.

Sonur Hjartar og Völu Oddsdóttur er Oddur Ólafur, f. 21. nóvember 1996. Maki hans er Sólmundur Ósk Hálfháns. Sonur Hjartar og Auðar Húnfjörð (þau slitu samvistum) er Óskar Jarl,

f. 15. maí 2003. Unnust hans er Thelma Liv Sigurðardóttir.

Hjörtur ólst upp í Hafnarfirði og var sannur Gaflari. Hann gekk í Öldutúnsskóla og Flensburg.

Hjörtur lærði á pianó í einkatímum áður en hann hélt til framhaldsnáms í Bandaríkjunum og Svíþjóð. Í Kaliforníu lærði hann kvikmyndatónsmíðar og

útsetningar en raftónsmíðar í Stokkhólmi. Hann samdi tónlist við fjölda heimildarmynda og sjónvarpsþátta, á borð við Heilsuþælið í Gervahverfi og Pappírs-Pésa. Hjörtur kenndi frá árinu 2000 á hljómborð hjá Námsflokki Hafnarfjarðar.

Hjörtur spilaði með fjölda hljómsveita á ferlinum – má þar til dæmis nefna Tívoli, Hljómsveit Björgvins Halldórssonar sem ferðaðist um Sovétríkin, Graffi, Kátta piltar og Vini Dóra. Þá var hann undirleikari og tónlistarstjóri hjá Ladda.

Síðustu árin starfaði Hjörtur sem leiðsögumaður. Þar naut hann sín við að fræða ferðamenn um land og þjóð og sagði sögur eins og honum einum var lagið. Útför Hjartar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju í dag, 22. maí 2023, og hefst athöfnin klukkan 15.

unni. George radíóamatör, Alli Gunn loftskeytamaður. Yndislegir tímar. Það verður samt að viðurkennast að það var meira spennandi að vera í Stekkjarkinninni. Kanasjónvarpið, en ekki hvað? Stjáni blái og kötturinn Felix. Algjör snilld.

K-bekkurinn allan Öldutúnsskóla, Danmerkurferðin, þríþrautin á Laugarvatni, puttaferðalagið austur fyrir Höfn, tónlistin, Hondurnar, stelpurnar, Bæjarútgerðin, Flensborgin, Kátir piltar ... minningarnar hrannast upp.

Með árunum fækkaði samverustundunum, sjálfsgest eins og gerist og gengur. Þó var alveg sama hversu langur tími leið á milli samfunda í seinni tíð, alltaf var þráðurinn tekinn upp þar sem frá var horfið. Eins og hefði verið daginn áður. Dægigert á kaffihúsi eftir hittingsmeldingu: Ég: „Það er erfiðara að ná í þig en forsetann helvítis pungurinn þinn“ ... Hann: „Æ góði haltu kjafti“ ... Báðir: „Hey Toji“ ... „Hvað er að fréttu?“ Síðan var faðmast, knúast og spjallað með bros á vör.

Hafniröngurinn, slagsmálagerinn, K-bekkingurinn, Gregginn, tónlistarsnillingurinn, skaphundurinn, aðgerðasinninn, Toby-inn, leiðsögumaðurinn, stólpakjaturinn, náttúruunnandinn, alþýðusinninn, Hás-erinn, jahérnahér ... hann er allur.

Sjáumst síðar. Sakna þín. Hvíl í friði.

Sonunum, systrunum og ástvinum öllum votta ég mína innilegustu samúð.

Þinn vinur,
Þorsteinn Gunnar a.k.a. Steini Aðalsteins.

Í dag er til moldar borinn einstakur tónlistarmaður og góður félagi, Hjörtur Howser. Það er innilega rangt að hann hafi verið kallaður frá okkur svona snemma, því fáir menn voru eins ólgandi af lífi og Hjörtur.

Leiðir okkar lágu saman í Flensborgarskóla. Hjörtur var þar, eins og endranær, hrókur alls fagnaðar. Við litum líka gríðarlega upp til hans sem tónlistarmanns. Við vorum að rembast við að spila gamaldags rokk og ról, en Hjörtur lék með tilraunakenndri nýbylgjusveit, Stormsveitinni, sem var bara með fjögur lög á prógramminu. Þegar Hjörtur var spurður af hverju lögin væru svona fá svaraði hann: „Þetta eru ekki lög. Þetta eru verk!“

Það var okkur því mikill akkur þegar Hjörtur gekk til liðs við hljómsveitina okkar, enda hafsjór af fróðleik um tónlist og áberandi betri hljóðfæraleikari en nokkur okkar hinna. Hjörtur stjórnaði æfingum eins og herforingi og á engan er hallað þótt fullyrt sé að það sé fyrst og fremst honum að þakka að – þegar best lét – varð sveitin þökkalega spilandi og fær um að halda uppi boðlegu stuði á sveitaðöllum.

Hjörtur vílaði ekki fyrir sér að fara óhefðbundnar leiðir, grípa í harmonikku eða jafnvel að fá afríska bongótrommuleikara til liðs við okkur þegar það átti við. Hjörtur var enda óskaplega fjölhæfur tónlistarmaður. Þeir eru ekki margir sem geta státað af því að hafa leikið með jafn ólíkum hljómsveitum og Mezzoforte annars vegar og Fræbbblunum hins vegar, svo aðeins tveir af þeim fjölmörgu hljómsveitum sem Hjörtur lagði lið um dagana séu nefndar.

Fræg er sagan af eftirminni-legasta „hætti“ íslenskrar tónlistarsögu, þegar Hjörtur Howser hætti í Hljómsveit Björgvins Halldórssonar einhvers staðar í miðri Síberíu þegar sveitin var á tónleikaferð um Rússland.

En það eru ekki bara minn-

ingar um stórkostlegan tónlistarmann sem hellast yfir okkur á þessari stundu. Þar skipa ekki minni sess minningar um ótal samverustundir þar sem gantast var og sagðar sögur úr bransanum þannig að haldið var um magann og engst um af hlátri svo mestu kyrrsetumennirnir í hópnun voru með harðsperrur í kviðnum daginn eftir. Á laugardagsmorgnum smalaði foringinn gjarnan hópnun saman upp í Pajeroinn og svo var farið á Kentucky Fried að borða kjúkling og hlæja. Þar fór Hjörtur oftast en ekki hamföllum í frásagnargleði.

Hjörtur var ekki alltaf auðveldur í umgengni, eins og títt er um menn með afburðahæfileika á einhverju sviði. Hann gat verið þver og þrár og svo ör að ljúandi gat verið að vera með honum, enda nærvera hans ævinlega á einhvern undarlegan hátt alltumlykjandi. En þess á milli var enginn skemmtilegri en Hjörtur Howser.

Hjörtur hafði sterkar skoðanir á samfélagsmálum og það var ekki fyrir aukvísu að rökraða við hann, væru þeir honum ósammála, því Hjörtur var ósveigjanlegur þegar mál honum hugleikin voru annars vegar. Þá yfirskygði hans ríka réttlætiskennd allt annað.

Hjörtur Howser var einstakur karakter og að honum gengnum er heimurinn aðeins einseleitari og þínulífið leiðinlegri.

Við vottum ástvinum Hjartar innilega samúð okkar.

Kveðja,
Kátir piltar.
Atli Geir, Davíð Þór, Hallur, Jakob Bjarnar, Steinn Ármann og Örn.

Hjörtur Howser var einstakur karakter og mjög eftirminnilegur og man ég fyrst eftir honum í Hljóðrita þar sem hann vann sem aðstoðarupptökumaður. Ég kynntist honum betur þegar mér var boðið að fara með íslenska hljómsveit í hljómsveitakerfi um Sovétríkin haustið 1982. Ég fékk Magnús Kjartansson og Björgvin Halldórsson til að setja saman hljómsveit og þeir réðu tvo unga Hafniröng, hljómborðsleikarann Hjörtur Howser og gítarleikarann Björn Thorodd- sen, ásamt tveimur sænskum tónlistarmönnum. Þetta var hörkulíð sem vakti verðskuldaða athygli ungs fólks í Sovétríkjunum, sem var ekki vant því að fara á tónleika með vestrænum poppurum.

Hjörtur var finni hljómborðsleikari, með hljóðgervlana á hreinu og kom með nýjan og ferskan hljómi. Þetta var talsvert fyrirtæki og mikið af græjum sem þurfti að flytja á milli staða. Fyrstu tónleikarnir voru í Moskvu og svo var farið vítt og breitt um Sovétríkin þar sem Orkestrava Bo Halldórsson spilaði í ríkisreknun tónleikahúsum. Parna var allt með öðru talsverður skortur á alls konar nauðsynjum.

Hjörtur var hrókur alls fagnaðar eins jafnan en eftir hverja tónleika áttum við að fá mat, sem var af skornum skammti í Sovét á þessum tíma. Þegar tónleikum var lokið í bæ einum í Síberíu var Hirti nóg boðið og ákvað að hætta. Maturinn sem buið var að lofa okkur skilaði sér ekki og það var ekki í fyrsta eða eina skiptið sem það gerðist. Hjörtur gerði sér lítið fyrir og tók hljómborðið undir arminn og þrammaði af stað beint niður á lestarstöð. Þar var engin lest svo seint um kvöld þannig að Hjörtur kom bara aftur til okkar og hélt áfram að spila með hljómsveitinni þar til við fórum heim til Íslands. Þetta lýsir Hirti ágætlega því það gat fokið í hann og þá var ekkert verið að tvínóna við hlutina.

Sex árum seinna þegar ég

gerði plötusamning við hljómsveitina Kátta piltar úr Hafnarfirði var Hjörtur þeim til halds og trausts þó svo að hann væri ekki í hljómsveitinni til að byrja með. Hann spilaði með þeim á plötunni og líka á tónleikum og böllum, þar sem hann fór á kostum. Hann var hörkugóður músíkant og það munandi um hann hvar sem hann kom við sögu.

Hjörtur var skoðanafastur, vissi sínu viti og lét álit sitt óhikað í ljós þegar honum fannst ástæða til. Hann var ekkert að velta fyrir sér hvort orð hans hefðu einhverjar afleiðingar eða ekki því hann stóð á rétti sínum hvað sem öðrum fannst um það. Hjörtur var fljóthuga og fór hratt yfir og kom ýmsu í verk.

Síðustu árin hafa leiðir okkar ekki oft legið saman en þegar það hefur gerst hafa samskiptin alltaf verið góð og það var alltaf gaman að hitta hann.

Hjörtur hefur kvatt okkur allt of fljótt og það er sjónarsviptir að honum. Ég votta sonum hans, systrum og öðrum ástvinum innilega samúð.

Jón Ólafsson.

Frá því ég fyrst hitti Hjörtur Howser er ég undirþjó útför George Earl, föður hans, var sem hljómfagur strengur tengdi okkur. Við lékum á slaghörpu og munnhörpu lagið ljúfa, Michael Row the Boat Ashore Hallelujah, og létum okkur síðan varða hvor um annan. Hann fylgdist með prestsþjónustu minni í Hafnarfjarðarkirkju og ég með tónlistarnámi hans í Vesturheimi og Svíþjóð og svo leik hans í hljómsveitum. Eftir vígslu safnaðarheimilisins Strandbergs fékk ég Hjört til að mynda hljómsveit er nefndum Fjarðarbandið.

Það lék í dægurlagamessum og var skipað „landslíðsmönnum“ í dægurtónlistinni. Kirkjan var þá þéttsetin og ég naut þess að leika með á munnhörpu. Við fluttum hrifandi lög og þýddum eða létum þýða erlenda texta á íslensku. Merking þeirra fékk aukni vægi í kirkjunni. Imagine John Lennons, Ímynda þér, hvatti þar til sannleika og heiðarleika. Let it Be Bítlanna, Þess ég bið, birtist sem bæn til Maríu Guðsmóður og lag Hollies, He Ain't Heavy, He's My Brother, Ekkert þungur er ástæði bróðir mér, talaði sínu hvetjandi kærleiksmáli. Undir aldamót er messað var aftur í Krýsuvíkarkirkju lék Hjörtur þar á harmonikku. Það gerði hann líka þegar kirkjan var brunnið og komið saman við sviðinn kirkjugarinninn. Síðar lék hann á orgel er ég messaði í Þingvallakirkju. Hjörtur sat í sóknarnefnd Hafnarfjarðarkirkju og reyndist okkur Þór- hildi vel sem við þökkum og vinatryggð hans. Hann hafði lært leiklist og fór vel með ritningar- og bænaráró í messum. Þegar kirkjan var endurgerð varð bæði að gæta að kostnaði og fylgja listrænum kröfum sem Hjörtur kunnir góð skil á. Fagþekking hans sem formanns orgelnefndar kirkjunnar skipti máli við val á nýju orgeli. För Hjartar, presta og organista til Þýskalands til að kynnað orgelsmíðum Ch. Scheffler eftir forskrift W. Sauers, virtasta orgelsmíðs rómantískra orgela í Evrópu, varð til þess að Scheffler smíðaði 25 radda orgel í Sauerstíli fyrir Hafnarfjarðarkirkju. Vinur hans Kr. Wegscheider gerði svo 12 radda Barokk orgel fyrir kirkjuna. Samstarf okkar Hjartar stjórkti vinaböndin. Vænt þótti mér um að fá að skíra Óskar Jarl, son hans og Auðar Húnfjörð, og eignast Lilju móður hans að vini. Hjörtur samdi tónlist og gerði við tölvur og var hagur á tré og járn. Hann var einnig ritfær og rökvis svo sem blaðaskrif hans um veitingahús sýndu og kjarnyrnt skrif á samskiptamíðlum. Hjörtur bar

Mín leiðin löng er síðan ég lagði upp í ferð. Ég er ei efnismikill, ekki lengi ferð.

Vertu fljótur vinur, ég veitt get svör við því sem viltu fá að vita um veðurofsans gny.

Vertu ei spar að spyrja en spjara vel þinn hug. Flýtt þér áður feykja mér farvandar á bug.

Mín bíður eitt það besta banamein á jörð. Að leysast upp í læding sem litar tímans svörð.

Vertu ei spar að spyrja en spjara vel þinn hug. Flýtt þér áður feykja mér farvandar á bug. (V. Vilhjálmsson)

Góða ferð kæri vinur. Þökkum fyrir samstarfið og minningarnar.

Björgvin Halldórsson og fjölskylda.

Vertu á meðan þú ert því það er of seint þegar þú ert farinn. (Sigurbjörn Þorkelsson)

Hjörtur bróðir minn fór sjaldan hjóðlega um. Hann fæddist með látum með samfallið lunga, setti fæðingardeildina á Sólvangi á hliðina og sá þar með til þess að ég get ekki kallað mig Gaflara. Mamma neitaði einfaldlega að eiga fleiri börn á Sólvangi.

Ég átti sæti í lífi Hjartar sem enginn annar átti. Ég var eina litla systir hans. Hann sagði mér þó af og til að hann og Laura hefðu haft það svo gott en svo hefði ég fæðst og eyðilagð allt. En ég vissi alltaf að þetta var bara í nösunum á honum. Hann elskaði litlu systur sína og var stoltur af henni.

Samskipti okkar gátu verið flókin og allur tilfinningaskalin var tekinn. Gátum hnakkrist einn daginn og ég talað um hann sem fyrrverandi bróður minn. En svo var það gleymt og grafið og hann leiddi mig upp að altarinu og spilaði í brúðkaupinu mínu.

Hjörtur kenndi mér að meta Genesis, Peter Gabriel, Jethro Tull, Toto og Bítlana og sá til þess að ég færi á Rocky Horror Picture Show. Hann hafði hins vegar litla þolinmæði þegar kom að því að ég þurfti að æfa mig á píanóið. Fannst það tímaeyðsla og lítið um hæfileika hjá litlu systur.

Það hefur reynst mér ótrúlega erfitt að meðtaka að þú sért farinn. Og ég hugsa að það líði langur tími áður en ég átta mig á því að ég get ekki tekið upp símann og spurt hvort þetta hafi

verið þú sem ég var að mæta á rútunni á Vesturlandsveginum. Þrátt fyrir að við hefðum ekki verið að troða hvort öðru um tær daglega þá var alltaf regluleg stöðutaka á því hvort ekki væri allt í lagi.

Árin þrjú frá því mamma dó hafa sennilega verið þau bestu sem við systkinin höfum átt saman. Það var eins og sorgin við að missa elsku mömmu hefði þjappað okkur saman og við þössuðum hvert upp á annað.

Og þú varst hamingjusamur maður. Blómstraðir í starfi þínu sem leiðsögumaður, þar sem þú fékkst laun fyrir að gera það sem þér fannst gaman – að segja sögur! Endalaust fróður um land og þjóð og kunnir að miðla þessum fróðleik á þinn einstakan hátt.

Þú varst svo stoltur af strákunum þínum, Oddi Ólafi og Óskari Jarlinum þínum. Þú varst duglegur að búa til og skapa minningar með þeim, sem á eftir að hjálpa þeim að takast á við að missa þig. Svo varstu ástfanginn af Irinu þinni. Hafðir á orði að þú hefðir ekki trúað því að þú ættir eftir að upplifa það að verða ástfanginn aftur. Allt gerði þetta að verkum að þú ljómaðir.

Þó að ég sé sorgmædd þá er ég þakklát fyrir að þú kvaddir þennan heim á stað sem þú elskaðir, við að gera það sem þér fannst skemmtilegt. Hefðir sennilega kosið sjálfur að kveðja á þennan hátt.

Deyr fé,
deyja frændur,
deyr sjálfur ið sama;
en orðstír
deyr aldregi,
hveim er sér góðan getur.
(Úr Hávamálum)

Elsku Hjörtur minn. Hvíldu í friði. Ég sakna þín.

Litla systir þín,
Delia Kristín (Stína).

Elsku Hjörtur minn, mér er orða vant. Ég trú þvi tæpast að þú sért fallinn í valinn. Þegar ég fékk þessar slæmu fréttir voru innan við tveir vikur síðan þú hringdir í mig og varst hinn hressasti. Minningarnar streyma fram. Allt frá því að þú baðst mig um að vera kærastan þín á skólalóðinni við Öldutúnsskóla (ég á 14. aldursári, lak næstum niður í malbikið af feimni), til okkar síðasta símtals, sem átti sér stað nokkrum dögum fyrir þetta hræðilega, ótímabæra andlát þitt. Allar götur frá því að þú varst unnusti minn á okkar unglingsárum höfum við fylgst að í gegnum lífið þó að við höfum ekki gert það saman. Þú varst alltaf á hliðarlínunni fyrir mig ef eitthvað bjátaði á. Eitt símtal og þú varst mættur. Ég hjálpaði þér líka eftir bestu getu þegar þú leitaðir til mín. Um tíma var ég mikið heima hjá þér, foreldrum þínum og systur. Sterk tengsl mynduðust milli mín

samfélagsmál fyrir þrjú og samskipti þjóða á háskátt er síðblind auðhyggja tundraði ófriðarbál í gróðaskyni og hindraði samstöðu til lífsbjargar. Þetta ræddum við, þegar hann hringdi til mín rétt fyrir páska, og kristín leiðarmerki sem of sjaldan væru virt. Hjörtur lagði sig fram við allt sem hann gerði, líka á skemmtunum Ladda þar sem hann gaf fjörgandi tóninn. Hann naut þess mjög að fara með ferðamenn um landið og lýsa undrum þess og sögustöðum. Ég hitti hann við Geysi í fyrravor. Þegar hann sá mig faðmaði hann mig þéttingsfast. Hjörtur var á ferð á þeim slóðum að sýna ferðalöngum fegurð landsins er hann brottkallaðist við Gullfoss í nýsumarsól. Inn í upprisljóma páska bætir kristín trú við sem gefur sýn að þeirri ströndu þar sem lífið fær fullkomnast og himneskir tónar hljóma í dýrlegu Hallelúja. Guð blessi minningu Hjartar og huggi, styrki og lýsi sonum hans og ástvinum í Frelsarans nafni.

Gunnþór Ingason.

Hjörtur Howser er fallinn frá allt of fljótt. Hann var einstakur á svo margan hátt og hafði fjölbætta hæfileika, sem honum entist ekki aldur til að nýta til fulls.

Kynni okkar Hjartar hófust fyrir rúmlega hálfri öld, þegar ég varð umsjónarkennari 4. bekkjar K í Öldutúnsskóla í Hafnarfirði. Íslenskan á þessi fallegu orð „skólasystkin“ og „bekkjarsystkin“ og þessi 25 barna hópur varð sannarlega systkinahópur og ég var „mamman“, en samt ein af hópnum, einkum eftir að námi lauk í Öldutúni fimm árum síðar. Við áttum samstarf og samverur í skólanum og utan hans. Við fórum m.a. í námsferð til Danmerkur þegar börnin voru 12-13 ára og heimsóttum pennavini til þriggja ára. Í þá daga hófst dönskunám í 4. bekk (10 ára) og börnin björguðu sér vel með tungumálið. Þessi systkini halda enn hópinn og finna fyrir sterkum tengslum sín á milli og öllum mökum hefur verið tekið opnum örmum.

Hjörtur hafði sterkan persónuleika. Hann var litrík persóna. Hann var í senn harður og mjúkur, frekur og kærleiksríkur. Það þurfti að hafa fyrir því að aga hann, en það var svo auðvelt að þykja vænt um hann. Hann átti létt með nám og náði því sem kennarinn sagði, jafnvel þó að hann væri að tala, en aðrir í bekknum urðu stundum fyrir truflun þegar Hjörtur hafði of mikið að segja í miðjum tíma.

Eftir skólagöngu þessa „systkinahóps“ hafa samverur verið fjölbreyttar, stundum aðeins bekkjarsystkinin, stundum með mökum og stundum með börnum þeirra, meðan þau voru börn. Danmerkurferð var endurtekin á fullorðinsárum og náðist aftur samfélag við gömlu dönsku vinina. Hjörtur var því miður oft fjarri þegar hópinn kom saman. Hann hafði of mörg járn í eldinum. En það var alltaf „kát í höllinni“ þegar Hjörtur mætti. Honum fannst ekki skipta máli að fylgja öllum fyrirmælum, svo þegar samvera var eitt sinnið boðuð fyrir K-bekkinga án maka kærði Hjörtur sig kollóttan og mætti með konu sína. Bekkjarsystkinin áttu að kynna henni!

Hjörtur er sá fyrsti sem við missum úr þessum systkinahópi. Við syrgjum og söknum og lútum höfði í virðingu og þakklæti fyrir framlag hans til samfélagsins, fyrir ótal gleðistundir og dýrmæta vináttu.

Guð blessi syni Hjartar, systur, ættingja og vini. Við Óli sendum K-bekkingum og ykkur öllum innilegar samúðarkveðjur.

Guð blessi minningu Hjartar vinar okkar og geymi hann í dýrðarríki sínu.

Stína Gísladóttir.

Hafsteinn B. Halldórsson

† Hafsteinn B. Halldórsson rafvirki fæddist á Vindheimum í Ölfusi 25. maí 1939. Hann lést á hjúrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði 16. maí 2023.

Hann var sonur hjónanna Halldórs Magnússonar og Sesselju Einarsdóttur og yngstur fimm systkina. Systur hans voru Jónína, f. 9. júlí 1926, Guð-



rún, f. 1. mars 1928, Laufey, f. 19. júlí 1929, og Magnea, f. 22. ágúst 1931. Systur Hafsteins eru allar látnar.

Hafsteinn flutti til Reykjavíkur með foreldrum sínum átta ára gamall og bjuggu þau í Vesturbæ Reykjavíkur alla tíð.

Hafsteinn giftist Helgu Kr.

Kveðja frá Skógarmönnum KFUM

Í dag kveðja Skógarmenn Hafstein Halldórsson.

Óhætt er að segja að starfið í Vatnaskógi hafi skipt Hafstein miklu máli. Hann sat í stjórn Skógarmanna KFUM á árunum 1964 til 1982 en Vatnaskógur naut krafta og þekkingu Hafsteins frá unga aldri og alveg þar til heilsu hans fór að hraka.

Hann byrjaði sem unglingur að aðstoða við hin ýmsu verk, og í marga áratugi sá hann um rafmagnsmál á staðnum og þar var af nógu að taka. Meðal þess sem Hafsteinn tók að sér var það krefjandi verkefni að skipta um hitakerfi í húsum staðarins, fara úr olíu yfir í rafmagn og þótti mikið framfaraspor.

Hafsteinn kom víða við varðandi uppbyggingu staðarins,

Friðriksdóttur 10. september 1966. Börn þeirra eru: Astrid, f. 23. júlí 1968, Halldór, f. 20. apríl 1970, og Árni Ólafur, f. 30. júlí 1978. Astrid er gift Jóhannes Valgeirssyni og eiga þau þrjú syni og fimm barnabörn. Barnsmóðir Halldórs er Sigurlaug Sverrisdóttir og eiga þau eina dóttur. Árni Ólafur er giftur Birgittu Gunnarsdóttur og eiga þau tvær dætur.

Hafsteinn starfaði lengst af hjá Skeljungi og sem húsvörður í Kringlunni.

Hafsteinn var virkur í félagsstörfum hjá KFUM og Vatnaskógi alla sína tíð.

Útför fer fram frá Nes-kirkju í dag, 22. maí 2023, klukkan 11.

var ávallt reiðubúinn að koma og hjálpa til eða taka verkefni að sér og eru þau mörg verk-in sem liggja eftir Hafstein á staðnum.

Síðustu starfsárin vann Hafsteinn í Kringlunni sem umsjónarmaður fasteigna. Þar var hann óspar að hafa samband við okkur þegar hann sá eitthvað nothæft sem Kringlan vildi losa sig við, kannski gæti

Vatnaskógur nýtt það og Vatnaskógur nýtur enn þá.

Árið 2000 var Hafsteinn var sæmdur Gullmerki Skógarmanna fyrir ómetanlegt framlag til starfsins í Vatnaskógi.

Skógarmenn KFUM þakka samfylgd við góðan félag og senda fjölskyldu Hafsteins innilegar samúðarkveðjur. Guð blessi minningu Hafsteins Halldórssonar.


F.h. Skógarmanna KFUM Vatnaskógi,

Ársæll Aðalbergsson og Ólafur Sverrisson.

Minningargreinar

Óheimilt er að taka efni úr minningargreinum til birtingar í öðrum miðlum nema að fengnu samþykki.

Skil | Þeir sem vilja senda Morgunblaðinu greinar eru vinsamlega beðnir að nota innsendikerfi blaðsins. Smelltu á Morgunblaðslógið í hægra horninu efst og viðeigandi liður, „Sendu inn minningargrein“, valinn úr felliglugganum. Einnig er hægt að slá inn slóðina www.mbl.is/sendagrein



†

Hjartkær sonur minn, faðir okkar og bróðir,

HENRY GUALDO

lést á heimili sínu í Katonah, New York, þriðjudaginn 16. maí. Bálför hefur farið fram. Þökkum hlýjar samúðarkveðjur.

**Arndís Sigurðardóttir Gualdo
Níkalas Gualdo
John Henry Gualdo
Lára, Sigurður Ragnar, Ciretta, Lawrence, Anthony,
Michael og fjölskyldur**

Minningarvefur á mbl.is

Minningar og andlát

Á minningar- og andlátsvef mbl.is getur þú lesið minningargreinar, fengið upplýsingar úr þjónustuskra auk þess að fá greiðari aðgang að þeirri þjónustu sem Morgunblaðið hefur veitt í áratugi þegar andlát ber að höndum. Andláts-, útfarar- og þakkartilkynningar eru aðgengilegar öllum.

www.mbl.is/andlát



Minningargreinar

Hægt er að lesa minningargreinar, skrifa minningargrein og æviágrip.



Þjónustuskra

Listi yfir aðila og fyrirtæki sem aðstoða þegar andlát ber að höndum.



Gagnlegar upplýsingar

Upplýsingar og gátlisti fyrir aðstandendur við fráfall ástvina.

Morgunblaðið

mbl.is

